

SKIPULAGSSKRÁ fyrir Minningarsjóð Dóru Kondrup.

1. gr.

Stofnaðild o.fl.

Trausti Þór Sverrisson, kt. 020557-2149, Jóhann Meunier, kt. 100676-4199, Júlía Traustadóttir, kt. 180785-2489 og Ólafur Sverrir Traustason, kt. 050990-2229, stofna hér með sjóð til til minningar um Ólöfu Dóru Kondrup, eiginkonu og móður sína.

2. gr.

Heiti, heimili og varnarþing.

Sjóðurinn ber heitið Minningarsjóður Dóru Kondrup. Stofndagur sjóðsins er 4. júlí 2007. Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík. Sjóðurinn starfar á grundvelli laga nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá ásamt síðari breytingum. Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun en mun ekki hafa með höndum atvinnurekstur.

3. gr.

Markmið.

Hlutverk sjóðsins er að hvetja og styrkja unga og efnilega Íslendinga til listnáms í Frakklandi með framlögum til skólagjalda og framfærslu. Skal stjórn sjóðsins heimilt að veita árlega fé úr sjóðnum í þessu skyni.

4. gr.

Stofnfé.

Stofnfé sjóðsins er kr. 692.000, sex hundruð níutíu og tvö þúsund. Stofnendur leggja sjóðnum til stofnfé. Stofnféð skal haldast óskert í sjóðnum, verðtryggt miðað við vísitölu neysluverðs. Stofnfé skal greiðast inn á fjárvörslureikning hjá viðurkenndri bankastofnun á Íslandi.

Sjóðurinn tekur við frekari fjárframlögum, hvort sem er í formi gjafa eða áheita, frá stofnaðilum sjálfum eða öðrum þeim sem vilja veita málefnum hans brautargengi.

5. gr.

Tekjur og ávöxtun fjár.

Tekjur sjóðsins eru vextir og arður af fé sjóðsins, árleg framlög og aðrar tekjur. Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á ávöxtun sjóðsins og skal leitast við að ávaxta eignir hans á sem hagkvæmasta og öruggasta hátt.

6. gr.

Skipan stjórnar.

Stjórn sjóðsins skipa þrjú fulltrúar: Trausti Þór Sverrisson f. h. stofnenda til ótiltekins tíma og er hann formaður stjórnar. Fulltrúi franska sendiráðsins á Íslandi tilnefndur til fjögurra ára í senn af franska sendiherranum. Fulltrúi Listaháskóla Íslands tilnefndur til fjögurra ára í senn af rektor skólans.

Hverfi stjórnarmaður úr stjórninni skal annar tilnefndur í hans stað. Falli stjórnarformaður frá án þess að hafa skipað annan í sinn stað skal stjórnarformaður skipaður af börnum Ólafar Dóru Kondrup.

7. gr.

Hlutverk stjórnar.

Stjórnin varðveitir eignir sjóðsins, ber ábyrgð á fjárvörslu, færslu reikninga og skýrslugerð til Ríkisendurskoðunar fyrir 30. júní ár hvert og annast önnur störf lögum samkvæmt. Stjórnin tekur ákvarðanir á fundum sínum og skal haldin gerðabók um þær ákvarðanir.

8. gr.

Reikningsár og endurskoðun.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skulu reikningar sjóðsins endurskoðaðir af endurskoðanda eða skoðunarmanni. Stjórnin kýs endurskoðanda eða skoðunarmann sjóðsins sem er skipaður til 4 ára í senn.

9. gr.

Ráðstöfun fjár.

Styrki úr sjóðnum skal stjórnin veita samkvæmt umsóknum. Auk þess er stjórn sjóðsins heimilt að ráðstafa fjármagni að eigin frumkvæði til málefna og einstaklinga er vakið hafa athygli hennar að því tilskildu að slík ákvörðun samrýmist markmiðum sjóðsins samkvæmt 3. gr.

10. gr.

Breytingar og niðurlagning.

Sé tekin ákvörðun um að breyta skipulagsskrá þessari eða leggja niður sjóðinn er stjórninni það heimilt enda sé það samhljóða álit hennar. Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki á breytingum og skal engin breyting á skipulagsskránni fá gildi nema með samþykki sýslumanns.

Sé ákvörðun tekin um að leggja niður sjóðinn skulu eignir hans renna til líknardeildar Landspítala – háskólasjúkrahúss í Kópavogi.

11. gr.

Skráning sjóðsins.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 14. nóvember 2007.

Ríkarður Másson.

Helgi M. Ólafsson.